

Reglur um ferðþjónustu í Borgarbyggð.

1. Ferðþjónusta fatlaðra

Ferðþjónusta fatlaðra er fyrir þá sem heyra undir lög um málefni fatlaðra nr. 59/1992 og sannanlega þarfnast sértækrar akstursþjónustu til að komast milli staða. Markmið þjónustunnar er að gera fötluðum kleift að stunda atvinnu og nám og njóta tómsunda.

2. Ferðþjónusta eldri borgara

Ferðþjónusta eldri borgara er fyrir þá sem eru 67 ára og eldri, búa sjálfstætt og hafa ekki aðgang að farartæki. Markmið þjónustunnar er að rjúfa félagslega einangrun og tryggja aðgang að þjónustu. Þannig fellur undir þjónustuna akstur í og úr dagdvöl og félagsstarf eldri borgara, reglubundna þjálfun eða til læknis og til að njóta tómsunda.

3. Umsóknir

Sækja skal um ferðþjónustu hjá félagsþjónustu Borgarbyggðar. Koma skal fram ástæða fyrir umsókn og rökstudd ósk um fjölda ferða. Starfmenn félagsþjónustu taka ákvörðun um almenna heimild til að nota þjónustuna. Umsækjendum skal svarað skriflega svo fljótt sem auðið er og geta þeir skotið ákvörðun til félagsmálanefndar innan 4urra vikna.

4. Umfang þjónustu, gjaldtaka o.fl.

Þjónustan er veitt frá kl. 7:30 til 24:00. Almennt gjald er kr. 250 fyrir hverja ferð. Afsláttakort með 10 miðum kostar kr. 2.000. Gjald er kr. 500 eða tveir miðar eftir kl. 18.00 virka daga og um helgar. Akstur í og úr skóla sveitarfélagsins og dagdvöl aldraðra er ókeypis. Ferð er í reglum þessum akstur frá einum stað til annars en ekki akstur fram og til baka. Þjónustan er aðeins innan sveitarfélagsins. Lögbundin verkefni; akstur í og úr skóla, iðju eða dagdvöl hafa forgang.

5. Pantanir / afpantanir

Þjónustuna skal panta hjá bílstjóra með minnst sólarhringsfyrirvara. Ferð skal afpanta með minnst 3 klst. fyrirvara.

6. Gildistaka

Reglur þessar taka gildi þann 15. október 2007, en skulu endurskoðaðar eigi síðar en í júní 2008.

Samþykkt í félagsmálanefnd 3. október 2007.

Samþykkt í sveitarstjórn 11. október 2007.

